

Bréf

Alþingi-nefndasvið
Stjórnskipunar- og eftirlitsnefnd,
Valgerður Bjarnadóttir formaður
150 Reykjavík
ICELAND

Reykjavík, 30. október 2012
2012100022

Efni: Bygging húss yfir Þorláksbúð í Skálholti

Stjórnskipunar- og eftirlitsnefnd Alþingis hefur óskað eftir að Fornleifavernd ríkisins útskýri aðkomu sína að leyfisveitingu til fornleifarannsóknna á Þorláksbúð í Skálholti árið 2009 og skýri jafnframt nánar fjárveitingar til Þorláksbúðar sem runnið hafa í gegn hjá Fornleifavernd ríkisins.

Fornleifavernd ríkisins varð til með lögum nr. 107/2001. Stofnunin veitir m.a. leyfi til fornleifarannsóknna (15. gr.). Þá má enginn, hvorki landeigandi, ábúandi né nokkur annar, spilla, granda né breyta, ekki heldur hylja, laga né aflaga né úr stað flytja fornleifar, nema með leyfi Fornleifaverndar ríkisins (10. gr.). Í 14. grein laganna er fjallað um það þegar önnur yfirvöld eða einstaklingar huga á framkvæmdir og fornleifar eru á svæðinu þar sem þeir óska eftir að reisa mannvirki, fara í skógrækt eða leggja vegi, svo dæmi séu talin. Í þeim tilfellum ákvarðar Fornleifavernd ríkisins hvað þurfi að gera varðandi fornleifar og hve mikið þurfi að rannsaka ef fornleifauppgröftur reynist nauðsynlegur. Fornleifavernd ríkisins er heimilt að leiðbeina framkvæmdaraðilum um kostnaðaráætlun, útboð og framkvæmd verkefnanna. Fornleifavernd ríkisins veitir engu fjármagni til fornleifarannsóknna og tekur engar ákvarðanir varðandi það hvernig framkvæmdaaðilar verja fjármagni sínu.

Í tilfelli Þorláksbúðar var það fjárlaganefnd Alþingis sem veitti fjármagni til yfirbyggingar húss yfir rústir Þorláksbúðar. Fornleifavernd ríkisins kom ekki að því máli á annan hátt en að fjárlaganefnd lét leggja fjármagnið inn á fjárlagalið þeirrar stofnunar hjá Fjársýslunni og að stofnuninni bar að greiða Þorláksbúðarfélaginu fjármagnið. Á undanförunum árum hefur Fornleifavernd ríkisins greitt út fjármagn vegna mun fleiri verkefna sem eru til komin vegna ákvarðana fjárlaganefndar, þeirra á meðal Hólarannsókn, Kolkuóssrannsóknin, rannsókn í Hringsdal við Arnarfjörð, frágangur minja sem Fornleifastofnun Íslands ses. rannsakaði í Skálholti og fleiri rannsóknir.

Fjárlaganefnd Alþingis leitaði ekki til Fornleifaverndar ríkisins um neins konar umsögn eða ráðgjöf vegna styrkveitinga til þessarra verkefna, þ.m.t. yfirbyggingar yfir Þorláksbúð. Eina hlutverk Fornleifaverndar ríkisins var að greiða styrki frá Alþingi til aðila sem sótt höfðu um aðstoð til fjárlaganefndar. Í tilfelli Þorláksbúðar voru styrkirnir greiddir á reikning Þorláksbúðarfélagsins í Skálholti.

Hvað varðar leyfi til fornleifarannsóknar 2009 þá setti Fornleifavernd ríkisins þá kröfu á Þorláksbúðarfélagið með hliðsjón af 14. gr. laga nr. 107/2001, að það réði sér fornleifafræðing til að rannsaka hvort Þorláksbúð hefði verið grafin að fullu þegar minjarnar voru rannsakaðar með fornleifagrefti á 6. áratug liðinnar aldar. Þorláksbúðarfélagið réð Mjöll Snæsdóttur fornleifafræðing til að stýra rannsókninni, en hún er einn fornleifafræðinga Fornleifastofnunar

Íslands ses. og hafði áður stýrt rannsóknum á fleiri minjum í Skálholti með styrk frá Kristnihátíðarsjóði. Fornleifavernd ríkisins hafði ekkert með þá ráðningu að gera.

Til nánari glöggvunar varðandi Þorláksbúð vill Fornleifavernd ríkisins taka eftirfarandi fram. Árið 2007 hafði sr. Sigurður Sigurðarson þáverandi vígslubiskup samband við Fornleifavernd ríkisins vegna eindreginna óska sinna um að fá að endurreisa Þorláksbúð, sem eru friðlýstar fornleifar í Skálholti. Matthías Þórðarson þjóðminjavörður setti Þorláksbúð á friðlýsingaskrá árið 1927, en það var skrá yfir fornleifar á Íslandi sem þjóðminjavörður vildi varðveita til framtíðar. Forstöðumaður Fornleifaverndar ríkisins átti síðan nokkra fundi með sr. Sigurði og Árna Johnsen alþingisþingmanni, sem studdi sr. Sigurð vegna Þorláksbúðar. Í kringum verkefnið var stofnað svokallað Þorláksbúðarfélag, sem Fornleifavernd ríkisins á ekki aðild að.

Fornleifavernd ríkisins gerði sr. Sigurði og Árna grein fyrir að ekki yrði leyft að rústirnar yrðu endurbyggðar, enda tíðkast slíkt ekki nú á dögum í minjavernd. Niðurstaðan var sú að veita leyfi til að byggja hús utan um minjarnar. Það var gert að vel ígrunduðu máli. Veitt var leyfi til að reisa hús á púðum yfir minjarnar, sem auðvelt yrði að fjarlægja án þess að skaða umhverfið. Verkið skyldi unnið undir umsjón minjavarðar Suðurlands.

Áður en leyfið var veitt hafði forstöðumaður Fornleifaverndar ríkisins samband símleiðis við Haakon Christie arkitekt í Noregi, sem stýrði fornleifarannsóknum í Skálholti með dr. Kristjáni Eldjárn á 6. áratug liðinnar aldar. Christie var ern og enn starfandi í Noregi og var tilgangurinn að spyrja hann um gögn um uppgröftinn í Þorláksbúð, sem talið var að ættu að vera til en fundust ekki í skjalasafni Þjóðminjasafns Íslands. Christie hafði engin gögn um rannsóknina þannig að óljóst var hve umfangsmikil rannsóknin hafði verið. Fornleifavernd ríkisins krafðist því að Þorláksbúðarfélagið, greiddi fyrir fornleifarannsókn til að kanna að hve miklu marki minjarnar hefðu verið kannaðar með fornleifauppgreftri á 6. áratugnum og réðu þeir Mjöll Snæsdóttur hjá Fornleifastofnun Íslands ses. til að stýra rannsókninni. Rannsókn Mjallar fór fram í júlí 2009 og birtist í skýrslu Fornleifastofnunar Íslands ses. FS435-09041 árið 2009.

Í ljós kom það sem vitað var fyrir að Þorláksbúð var byggð ofan á enn eldri rúst og gröfum, og að eitthvað var af gröfum í kringum minjarnar.

Í fjölmiðlum hefur gætt þess misskilnings að verið væri að endurbyggja Þorláksbúð og að hægt væri að flytja rústina á annan hentugri stað til að skyggja ekki á dómkirkjuna í Skálholti. Tekið skal fram að skv. svokallaðri Feneyjaskrá sem nefnd verður hér síðar í bréfinu er slíkt ekki leyfilegt nema að sýnilegt sé að minjarnar skemmist að öðrum kosti. Til fróðleiks skal bent á að Þorláksbúð var fyrir á þessum stað þegar dómkirkjan í Skálholti var reist á 6. áratug liðinnar aldar og er ein fárra sýnilegra fornminja á staðnum. Þegar tekin var ákvörðun um að byggja Skálholtsdómkirkju var ekki samkomulag um staðarvalið. Sr. Magnús Már Lárusson sem var um tíma fyrir nefnd um staðinn vildi að hún yrði byggð annars staðar og minjum um eldri kirkjur staðarins þar með hlíft. Niðurstaðan varð að byggja dómkirkjuna þar sem eldri kirkjur staðarins höfðu verið reistar um aldir. Til að byggja dómkirkjuna voru þrjár fornar kirkjur grafnar burt og minjar um þær eyðilagðar, grafnir voru upp um 70 einstaklingar, þeirra á meðal Skálholtsbiskupar og fjölskyldur þeirra, legsteinum var ekki haldið til haga og sumir eyðilagðir og hent í hrúgu á svæðinu. Út frá sjónarmiðum minja og sögu var staðarval sr. Magnúsar Más Lárussonar æskilegra.

Það sem var veitt leyfi til árið 2009 var að reisa yfirbyggingu ofan á rústir, hús sem er á púðum og auðvelt er að fjarlægja, hús sem ekki skemmir þær minjar sem eru undir.

Minjavörður Suðurlands fylgdist með öllum framkvæmdum. Ekki var veitt leyfi til að endurreisa Þorláksbúð, heldur byggja hús yfir minjar. Það er Fornleifavernd ríkisins heimilt skv. lögum nr. 107/2001. Það er ekkert einsdæmi að hús séu reist yfir minjar á Íslandi eða í öðrum löndum, og skal hér vísað til Stangar í Þjórsárdal, þar sem byggt var yfir minjar þegar á fimmta áratug liðinnar aldar og nýlega rannsakaðar minjar bæjar í Reykjavík sem eru í kjallara Hótelis við Aðalstræti. Þá var sett þak á forn göng sem komu í ljós við uppgröftinn í Skálholti á 6. áratug liðinnar aldar og einnig yfir göng við Snorralaus í Reykholti.

Í dagbók forstöðumanns Fornleifaverndar ríkisins kemur fram að Hjörleifur Stefánsson form ICOMOS hringdi vegna annars máls 28. febrúar 2007 og að forstöðumaður sagði honum frá beiðni sr. Sigurðar. Hjörleifur gerði enga athugasemd vegna málsins þá. Forstöðumaður Fornleifaverndar ríkisins lét einnig Magnús Skúlason forstöðumann Húsafriðunarnefndar ríkisins vita, og hann sýndi ekki áhuga á málinu. Þetta var fjórum árum áður en húsafriðunarnefnd greip til skyndifriðunar Skálholtsdómkirkju, Skálholtsskóla og umhverfisins á milli þann 8. nóvember 2011. Ekki virtust á árunum 2007-2011 vera uppi nein áform Húsafriðunarnefndar að friða kirkjuna í Skálholti og Húsafriðunarnefnd ríkisins sýndi málinu almennt lítinn áhuga og tilkynnti Fornleifavernd ríkisins ekki um nein slík áform.

Fornleifavernd ríkisins var eina minjavörslustofnunin sem hafði með stjórnslu minja Skálholts að gera þegar sr. Sigurður leitaði til stofnunarinnar vegna Þorláksbúðar 2007 og þegar framkvæmdir hófust 2009. Fornleifavernd ríkisins hafði umsjón með öllum fornleifum staðarins, en einnig fornum gripum í Skálholtsdómkirkju og málefnum kirkjugarðsins og minja í honum.

Það er því mat Fornleifaverndar ríkisins að Húsafriðunarnefnd ríkisins hafi á þessum tíma ekki verið aðili máls skv. lögum nr. 37/1993 og lögum nr. 50/1996 og að Fornleifavernd ríkisins hafi ekki borið að kynna Húsafriðunarnefnd ríkisins eða húsafriðunarnefnd áform um að byggja hús utan um fornleifar í Skálholti.

Þrátt fyrir að vera aðili máls frétti Fornleifavernd ríkisins fyrst af skyndifriðun húsafriðunarnefndar á Skálholti, þann 8. nóvember 2011 í fjölmiðlum, en stofnanirnar eru í sama húsi. Forstöðumaður eða fulltrúi hans voru ekki kallaðir á fund húsafriðunarnefndar þar sem fjallað var um málið og stofnuninni var ekki tilkynnt formlega um skyndifriðunina fyrir en þremur dögum síðar.

Þegar málin eru skoðuð kemur í ljós að Ísland hefur aldrei undirritað alþjóðlegar samþykktir um hvernig endurgerð gamalla bygginga eða minja skuli háttað. Þrátt fyrir það horfir Fornleifavernd ríkisins almennt til Feneyjaskráarinnar frá 1964 við ákvarðanir sínar (Charte internationale sur la conservation et la restauration des monuments et des sites - International Charter for the Conservation and Restoration of Monuments and Sites), sem samþykkt var af arkitektum sem vinna við endurbyggingar húsa og tæknimönnum á ráðstefnu í Feneyjum 25. – 31. maí 1964. Í þessari samþykkt er fyrst og fremst fjallað um endurgerð minja, ekki byggingu húsa utan um minjar eins og hér um ræðir (sjá t.d 15. gr.). Þar er einnig lagst gegn flutningi minja af upprunalegum stað nema nauðsynlegt sé til að koma í veg fyrir eyðileggingu þeirra (7. gr.).

Það voru því í þessu tilfelli fyrst og fremst ákvæði þjóðminjalaga nr. 107/2001 sem Fornleifavernd ríkisins studdist við þegar tekin var ákvörðun um hvort leyft yrði að byggja hús yfir minjar í Skálholti og þær samþykktir varðandi minjar sem Ísland hefur undirritað, sem eru: *Evrópusamningur um vernd fornleifaarfsins* (European Convention on the Protection of the Archaeological Heritage), fullgiltur 19. sept. 1989, öðlaðist gildi 20. des 1989, C15/1989 og *Samningur um verndun menningar- og náttúruarfleifðar heimsins/Convention*

for the Protection of the World Cultural and Natural Heritage, fullgildur 19. des. 1995, öðlaðist gildi 19. mars 1996, C42/1995.

Sá sem leitaði til Fornleifaverndar ríkisins vegna endurbyggingar húss yfir Þorláksbúð var annar vígslubiskupa Íslands. Hann fór með ákvarðanavald varðandi kirkjumálefni Skálholtsstaðar og það var eindregin ósk hans að Skálholt, sem kirkjustaður, fengi sýnileg tengsl við forna tíma, enda eru ekki einungis 20. aldar byggingar í Skálholti heldur einnig fornar minjar. Samkvæmt þeim upplýsingum sem Fornleifavernd ríkisins byggði ákvörðun sína á þá var sátt um málið hjá Skálholtsstað og öllum þeim sem höfðu með málefni staðarins að gera. Fornleifavernd ríkisins hefur nú sannreynt að fólk á staðnum er almennt ánægt með framkvæmdina. Vígslubiskup benti m.a. á að í endurskoðaðri tillögu að deiliskipulagi Skálholtsstaðar sem Manfræð og Reynir Vilhjálmssynir unnu fyrir Skálholtsstað árið 1995 og unnin var í samráði við Hörð Bjarnason húsameistara og arkitekt dómkirkjunnar í Skálholti var tillaga um að Þorláksbúð yrði byggð upp í samráði við þjóðminjavörð og umsjónarmann kirkjugarða (kafla 2.12) og að byggingin gæti nýst sem skrudhús og fundarherbergi og auk þess verið dæmi um fornan byggingastíl. Það skal ítrekað að árið 2009 var ekki veitt leyfi til að endurbyggja Þorláksbúð heldur einungis að byggt yrði torfhús yfir minjarnar.

Í Skálholti hefur á undanförunum árum verið framkvæmt ýmislegt sem líta má á að skemmi heildarútlitið á staðnum. Þar bendi ég t.d. á stóran bárujárnsskúr sem er eins konar þjónustumiðstöð, og er hann mjög áberandi á staðnum, og eins hefur verið plantað um 70 öspum í minningu fyrrum biskupshjóna án samráðs við Fornleifavernd ríkisins. Aspirnar eiga eftir að vaxa og hafa áhrif á heildarsýn staðsins. Þá er spurning hvort íbúðarhús á staðnum falli vel að samspilinu á milli kirkju og skólahúss?

Saga Skálholts nær aftur til landnáms. Það er nauðsynlegt að horfa á allan staðinn heildrænt, sem merkan sögustað með langa sögu, minjar um forna tíma, en vissulega einnig yngri hús sem eru mikilvæg fyrir sögu húsagerðarlistar á Íslandi. Allt þarf þetta að lifa saman, í sátt og samlyndi, af réttlæti og í samræmi við gildandi lög.

Virðingarfyllt

Kristín Huld Sigurðardóttir PhD
Forstöðumaður Fornleifaverndar ríkisins/General Director - The Archaeological Heritage Agency of Iceland
kristinhuld@fornleifavernd.is
Suðurgata 39, 101 Reykjavík
Sími: 5556630 bréfsími: 5556631
Heimasíða: www.fornleifavernd.is